



Viðmiðunarreglur um snjómokstur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Markmið Grímsnes- og Grafningshrepps varðandi snjómokstur og hálkuvarnir eru að tryggja öryggi og færð fyrir skólaakstur þannig að börn komist í skólann á réttum tíma, að lágmarka óþægindi íbúa og fyrirtækja af völdum snjós og ís og að auðvelda íbúum að sækja vinnu og skóla.

Útboð Vegagerðarinnar og Grímsnes- og Grafningshrepps á snjómokstri miðar við tímabilið 1. nóvember til 15. apríl ár hvert.

Að mokstri og hálkuvörnum loknum skulu vegir vera vel ökufærir fyrir vetrarbúnað bifreiðar og áferð yfirborðsins þannig að vegfarendum stafi ekki hætta af.

Þéttbýli

Snjómokstri og hálkueyðingu í þéttbýli er stjórnað af Grímsnes- og Grafningshreppi. Götur og bílastæði við stofnanir í þéttbýli eru mokaðar og hálkunarðar eftir þörfum. Ekki eru mokaðar heimreiðar í þéttbýli eða bílastæði við fyrirtæki.

Mikilvægt er að þeim sem annast snjómokstur sé sýnd tillitssemi við störf sín. Þeir leggja á sig mikla vinnu, oft við erfiðar aðstæður, við að halda akstur- og gönguleiðum í sveitarfélaginu greiðfærum.

Starfsmaður sveitarfélagsins er tengiliður við íbúa og snjómoksturs verktaka.

Dreifbýli

Héraðs- og tengivegir - Helmingamokstur

Snjómokstri og hálkuvörnum í dreifbýli er stjórnað af tveimur aðilum; Vegagerðinni og Grímsnes- og Grafningshreppi. Vegagerðin hefur skilgreint þá vegi sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu. Þá vegi er heimilt að moka með kostnaðarþáttöku Vegagerðarinnar að hámarki þrisvar sinnum í viku meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Miðað er við að búið sé að opna allar aðalleiðir virka daga kl. 7 að morgni þá daga sem mokað er. Ef ljóst er að moka eða hálkuverja þarf oftast en þrisvar sinnum í viku þarf að liggja fyrir leyfi Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar. Vegagerðin sér um þann mokstur að höfðu samráði við starfsmann Grímsnes- og Grafningshrepps. Samkvæmt reglum Vegagerðarinnar er einnig heimilt að moka sérstaklega vegna jarðarfara og greiðir Vegagerðin þann kostnað að fullu.

Starfsmaður sveitarfélagsins, verktaka og Vegagerðarinnar skulu meta þörf á mokstri og hálkuvörnum á þessum vegum.

Eftirfarandi vegir eru mokaðir af verktaka Grímsnes- og Grafningshrepps í samstarfi við Vegagerðina:

- Háagerðisvegur (3801)
- Hagavegur (3630)
- Vaðnesvegur (3745)
- Miðengisvegur (3747)
- Stærribæjarvegur (3765)
- Eyvíkurvegur (3767)
- Ormsstaðavegur (3771)
- Sólheimavegur (3774)
- Grafningsvegur neðri (350)
- Bíldsfellsvegur (3858)



- Grafningsvegur efri (360)
 - Þjónustuflokkur 4
 - Mokað mánudaga og föstudaga af Vegagerðinni og helmingamokstur aðra daga ef þarf
- Búrfellsvegur (351)
 - Þjónustuflokkur 4
 - Mokað mánudaga og föstudaga af Vegagerðinni og helmingamokstur aðra daga ef þarf

Heimreiðar

Verktaki á vegum Grímsnes- og Grafningshrepps sér um að moka heimreiðar í dreifbýli. Starfsmaður sveitarfélagsins er tengiliður við íbúa, Vegagerðina og snjómokstursverktaka. Viðkomandi hefur ekki upplýsingar um veður eða færð á öllum vegum en allir leggja sig vitaskuld fram um að hafa sem besta yfirsýn yfir verkefnið. Íbúar skulu hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins varðandi allt sem viðkemur snjómokstri og/eða hálkuvörnum.

Mikilvægt er að þeim sem annast snjómokstur sé sýnd tillitssemi við störf sín. Þeir leggja á sig mikla vinnu, oft við erfiðar aðstæður, við að halda akstur- og gönguleiðum í sveitarfélaginu greiðfærum.

- Heimreiðar í dreifbýli eru mokaðar **virka daga** þegar þörf krefur af verktaka Grímsnes- og Grafningshrepps.
- Ekki eru mokaðir síðustu 50 metrarnir af heimreiðinni.
- Einungis eru mokaðar heimreiðar að bæjum þar sem er föst búseta og viðkomandi íbúar eru með skráð lögheimili.
- Að mokstri loknum skal vegurinn vera vel ökufær fyrir vetrarbúnaðar bifreiðar og áferð yfirborðsins þannig að vegfarendum stafi ekki hætta af.
- Sveitarfélagið annast ekki mokstur heimreiða að frístundahúsum, óháð því hvort þar eru skráð lögheimili eða ekki. Sveitarfélagið greiðir ekki snjómokstur eða hálkuvarnir inni á frístundahúsasvæðum. Frístundahúsafélögum er bent á að mögulegt er að sækja um styrk til Grímsnes- og Grafningshrepps vegna veghalds á frístundahúsasvæðum skv. nánari reglum þar um.

Þjódvegir

Vegagerðin sér um allan mokstur á þjódvegum og á þeim leiðum sem eru sýndar á vetrarþjónustukorti Vegagerðarinnar.

Vegagerðin er þjónustuaðili á eftirfarandi vegum í sveitarfélaginu:

- Biskupstungnabraut (35):
 - Þjónustuflokkur 2.
 - Mokað alla daga.
- Þingvallavegur (36):
 - Þjónustuflokkur 3.
 - Mokað sunnudaga, mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga.
- Laugavatnsvegur (37):
 - Þjónustuflokkur 2.
 - Mokað alla daga.
- Sólheimavegur (354):
 - Þjónustuflokkur 3.
 - Mokað sunnudaga, mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga.
- Búrfellsvegur (351):



- Þjónustuflokkur 4.
- Mokað mánudaga og föstudaga af Vegagerðinni og helmingamokstur aðra daga.
- Grafningsvegur efri (360)
 - Þjónustuflokkur 4.
 - Mokað mánudaga og föstudaga af Vegagerðinni og helmingamokstur aðra daga.

Upplýsingar um mokstur og færð á þessum vegum er hægt að fá hjá Vegagerðinni.

Hafa ber í huga að þessar reglur eru til viðmiðunar og ber að líta á þær sem slíkar. Tíðarfar og snjóþyngsli geta raskað áformum um mokstur. Hvorki Vegagerðin né sveitarfélagið bera ábyrgð á tjóni sem kann að verða takist ekki að framfylgja viðmiðunarreglunum. Upplýsingar tengdar þjóðvegum í þessu skjali eru eingöngu til viðmiðunar en Vegagerðin getur breytt þeim hvenær sem er.

Samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 17. febrúar 2021